



SETUR DIG Í FYRSTA SÆTID



Benedikt Ólafsson  
S: 661-7788



Hallveig Jónsdóttir  
S: 699-0496



Eggert Mariúson  
S: 690-1472



Tinna Bergmann  
S: 869-3675



Sveinbjörn Guðlaugsson  
S: 848-0783

STOFNFASTEIGNASALA.IS - LYNÁS 11, 210 GARÐABÆR - SÍMI: 511-0900

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989



Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins **KGP.IS**

03. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 16. janúar 2025



X  
petria



## Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld



KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR



Darri Örn  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000



## FLATEY

PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

24/7  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjaval  
Hæðasmára

## Halldóra og Björgvin

fengu heiðursviðurkenningu fyrir framlag til félagsmála



Heiðursviðurkenning! Halldóra Jónsdóttir og Björgvin Jóniússon ásamt  
Hrannari Braga Eyjólfsyni, formanni íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

Á íþróttahátíð Garðabæjar, sem haldin var í Miðgarði sl. sunnudag voru þau Ásta Kristinsdóttir, hópímleikakona í Stjörnunni og Ægir Þór Steinarsson, körfuknattleiksmaður úr Stjörnunni valin íþróttafólk ársins í Garðabæ fyrir árið 2024.

Á hátíðinni voru einnig veittar viðurkenningar til íþróttafólks sem náði þeim áfanga að keppa fyrir A-landslið Íslands og unglíngalandslið í fyrsta skipti, fyrir þjálfara ársins, sem voru þau

Hinrik Pálsson hjá Stjörnunni og Árný Oddsdóttir hjá Hestamannafélaginu Spretti og lið ársins var hópímleikalið meistaraflokks kvenna í Stjörnunni. Einnig voru veittar heiðursviðurkenningar fyrir framlag til félagsmála í Garðabæ og þau hlutu Halldóra Jónsdóttir, sem er 97 ára og hefur haft mikil áhrif á samfélagið í Garðabæ og Björgvin Jóniússon, sem hefur verið ómetanlegur fyrir íþróttastarfið á Álftanesi og í Garðabæ. (Sjá nánar á bls. 8-14).



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)



- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



## yuзу HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"



## LEMON

MEIRA NAES - MEIRA GOTT

# 30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

## 2,5 km langur hestasstígur lagður á milli hesthúsahverfa í Garðabæ og Hafnarfirði



Framkvæmdir við nýjan reiðstíg á milli hesthúsahverfa í Garðabæ og Hafnarfirði eru hafnar. Um 2,5 km langan stíg er að ræða.

Nýr reiðstígur liggur frá Grunnvatnaskarði um Ljósakollalág og niður Vífilstaðahlíð og tengist þar reiðstíg í Urriðakotshrauni. Með honum fæst tenging yfir í Hafnarfjörð um núverandi reiðgötur við Smyrlabúð.

Þessi reiðstígur er liður í uppbyggingu á stígakerfi í upplandi Garðabæjar. Nýr stígur kemur í staðin fyrir reiðstigin sem

nú liggur með fram Flóttamannavegi frá Smalaholti að bæjarmörkum við Hafnarfjörð, en eldri stígur verður af öryggisástæðum aflagður og nýja tengingin kemur í hans stað.

Á kafla fer stígurinn í gegnum friðland Vífilstaðavatns en liggur þá að mestu um lúpinubreiðu eða mel. Framkvæmdir eru gerðar í samráði við Náttúruverndarstofnun. Fyrirhuguð verklok eru vor 2025.

Meðfylgjandi er mynd sem sýnir legu nýs reiðstígs.

## Kynna tillögu að skipulagi íþróttar og útivistarsvæðis í Smalaholti og Vetrarmýri



Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 19. desember sl. var samþykkt að visa tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts – íþróttar og útivistarsvæðis til forkynningar.

Deiliskipulagstillagan nær yfir golfvöll í Vetrarmýri, útivistarskóg í Smalaholti, æfingavelli við Miðgarð og náttúrugarð í landi Garðabæjar norðvestan við Vífilstaðavatn. Deiliskipulagið tekur til breyttrar og framlengdrar legu Vífilstaða- og Elliðavatnsvegur að Kjóavöllum ásamt því að fjalla um legu Vorbrautar við Þorrasali norðan við golfvöllinn. Í tillögunni er jafnframt sýnd lega stíga og stofnstíga ásamt staðsetningu áningarstaða og undirganga við Elliðavatnsveg. Skipulagssvæðið er um 132 ha.

Garðapósturinn heyrði í Björgu Fenger, formanni skipulagsnefndar Garðabæjar, til að spyrja hana nánar út í deiliskipulagstillögunna og næstu skref.

### Hluti golfvallarsvæðisins og skógarins mun breytast

Hver er aðdragandi breytinga á svæðinu og mun það hafa áhrif á GKG og skógræktarsvæðið í Smalaholti? „Árið 2021 var gerð breyting á aðalskipulagi Garðabæjar vegna uppbyggingar í Vetrarmýri og tilkomu Miðgarðs og mögulegra æfingavalla austan hans. Þá var gerð breyting á afmörkun golfvallarins og skógræktarsvæðisins,” segir Björg og heldur áfram: „Í deiliskipulagstillögunni sem nú er forkynnt er gert ráð fyrir golfvelli en þó með þeirri breytingu að afmörkun hans verður í samræmi við gildandi aðalskipulag. Einnig er gert ráð fyrir að skógurinn í Smalaholti eflist og styrkist sem útivistarskógur en hluti af núverandi skógræktarsvæði fer þó undir golfvöll. Hluti golfvallarsvæðisins og skógarins mun því breytast en markmið deiliskipulagsins felst meðal annars í að samþætta þessi tvö svæði með áherslu á íþróttaiðkun og almenna útivist,” segir hún en einnig er gert ráð fyrir nýrri 5000

m<sup>2</sup> lóð fyrir áhaldahúsi í deiliskipulagstillögunni suðaustan við íþróttamiðstöð GKG og gamla áhaldahúsið verður aflagt.

### Áhersla lögð á að hlífa trjám eftir bestu getu

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur í tugi ára staðið fyrir mikilli skógrækt í Smalaholti og þar er kominn myndarlegur skógur. Hvaða áhrif munu nýjar golfbrautir í hlíðum Smalaholts hafa á trjáræktina? „Með þessum breytingum myndu mörk golfvallarins færast inn á núverandi skógræktarsvæði. Í deiliskipulagstillögunni er hins vegar lögð áhersla á að hlífa trjám eftir bestu getu, laga hinn nýja hluta golfvallarins að skóginum sem og rækta upp tré á milli brauta þar sem við því verður komið. Lögð er áhersla á að trjásýnisreitir og trjásýnisstígur sem skógræktin hefur ræktað upp og gert aðgengilegan í gegnum árin haldist í sínu fallega formi.”

### Náttúrugarður á 7 ha svæði norðvestan við Vífilstaðavatn

Hvað er átt við með náttúrugarði og hvar yrði hann staðsettur? „Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir náttúrugarði norðvestan við Vífilstaðavatn. Þetta er í ringum 7 ha svæði og gert er ráð fyrir heimild til að rækta þar upp svæðið. Í tengslum við náttúrugarðinn er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum sem og byggingareit þar sem heimilt væri að reka kaffi- eða veitingahús eða aðra svipaða þjónustu.”

Hvað með stígakerfið á svæðinu og möguleika til útivistar? „Í deiliskipulagstillögunni er að finna nánari útfærslu á stígakerfinu um svæðið, vegna þess að stígar innan golfvallarins breytast eðlilega samhliða þessum breytingum. Gert er ráð fyrir nýrri leið gegnum golfvöllinn sem mun þá tengja íbúðarbyggð í Hnoðraholti við Vífilstaðavatn og Heiðmörk. Svo er það Græni stígurinn, en sunnan við Elliðavatnsveg, við Vífilstaðavatn er gert ráð



Björg Fenger, formaður skipulagsnefndar Garðabæjar

fyrir honum en Græni stígurinn er samfelldur göngu- og hjólastígur sem tengir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu saman.”

### Með skipulaginu er unnið að bættu aðgengi almennings að náttúru- og útivistarsvæðum

„Golfvöllurinn og útivistarskógurinn í Smalaholti hafa í gegnum árin verið nýttir af Garðabæingum til almennrar heilsuefingar og útivistar. Við viljum að svo verði áfram, enda mikil gæði fyrir okkur íbúana. Skipulagið tekur mið af því að svo verði áfram til framtíðar. Það er líka gaman að taka það sérstaklega fram að með skipulaginu er unnið að því að bæta aðgengi almennings að náttúru- og útivistarsvæðum við Vífilstaðavatn, í Heiðmörk og í Vífilstaðahrauni með því að efla enn frekar stígakerfið og bæta umferðaröryggi til dæmis með breyttri veglínu sem og undirgöngum undir Elliðavatnsveg,” segir hún.

Opinn íbúafundur 22. janúar kl. 17  
„Ég vil að lokum hvetja alla Garðabæinga og aðra hagsmunaaðila að kynna sér tillögurnar vel en opinn íbúafundur þar sem deiliskipulagstillagan verður kynnt verður haldinn í Sveinatungu miðvikudaginn 22. janúar kl. 17:00,” segir Björg.

## Vinsælustu bækurnar á Bókasafni Garðabæjar árið 2024

Það má sjá að íslenskir rithöfundar tróna á toppnum á vinsældarlista í fullorðinsflokki bókasafnsins fyrir árið 2024 eða 70% rithöfundanna og eru allar bækurnar skáldsögur.

Heim fyrir myrkur eftir Evu Björg Ægisdóttur er í fyrsta sæti, Hvítalogn eftir Ragnar Jónsson í öðru í sæti og Fóstur eftir Claire Keegan í þriðja sæti. Bækurnar í fyrstu tveimur sætum eru spennusögur.

Vinsælustu fullorðins bækurnar sem komu út fyrir júlín 2024 er skáldsagan Ferðalok

eftir Arnald Indriðason og vinsælasta ævisagan var Geir H. Haarde: ævisaga.

### Vinsælustu barnabækurnar 2024

Lang vinsælustu sögurnar í barnaflokki eru bækurnar um Láru og Ljónsa eftir Garðabæinginn Birgittu Haukdal. Næst á eftir kom bókin Handbók fyrir ofurhetjur eftir Elias & Agnes Váhlund og svo Hulk í smá vandræðum eftir Steve Behling.

Vinsælustu barnabækurnar sem komu út fyrir júlín 2024 er Lára fer á fótboltamót eftir Birgittu Haukdal og Sundráðgátan eftir Martin Widmark.

**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frímann 897 2468	 Hálfván 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Jón 793 4455
--	--	---	--

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



# NÝ ÞJÓNUSTUÐ Í GARÐABÆ

Frábær opnunartilboð út febrúar!



**Miðhrauni 18**



**DEKKJAHÖLLIN**

Dekkjahöllin.is  
Sími: 460 3004

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 23. eða 30. jan.

Síðasti skiladagur föstudaginn 17. janúar  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 36 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242

Andrés Andrésón  
S: 662 5339

Jóhanna Eiríks

Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

# K.C.® - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING-SPARTSL-VEGGFÓÐUR-FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

## Stjarnan, meistaraflokkur kvenna í hópfirmleikum er lið ársins í Garðabæ 2024



Lið ársins 2024 er hópfirmleikalið Stjórnunar í meistaraflokki kvenna! Í liðinu er þær Andrea Sif Pétursdóttir, Hrafnhildur Magney Gunnarsdóttir, Aðalheiður Guðrún Kolbeinsdóttir, Halla Sóley Jónasdóttir, Sigríður Jóna Sigurðardóttir, Ásta Kristinsdóttir, Helena Clausen Heiðmundsdóttir, Hildur Clausen Heiðmundsdóttir, Freyja Sævarsdóttir, Birta Mjöll Valdimarsdóttir, Kaja Kaminska, Laufey Ingadóttir, Telma Ösp Jónsdóttir, Tinna Sif Teitsdóttir og Tinna Ólafsdóttir. Með þeim á myndinni eru Hrannar Bragi Eyjólfsson, Harpa Þorsteinsdóttir og Laufey Jóhannsdóttir í íþrótt- og tómstundaráði

Á íþróttahátíð Garðabæjar sem haldin var í Miðgarði sl. sunnudag voru veittar fjölda viðurkenninga eins og sjá má á blaðsíðu 6-12 og ein þeirra var fyrir lið ársins 2024, en það var hópfirmleikalið Stjórnunar í meistaraflokki kvenna.

Í umsögn um liðið segir m.a.: „Það er greinilegt að árið 2024 hefur verið stórkostlegt ár fyrir meistaraflokk kvenna í hópfirmleikum í Stjórnunni! Hér eru nokkur afrek sem vert er að fagna. Íslandsmeistari í hópfirm-

leikum 2024: Þetta er stórkostlegur árangur og sýnir fram á hæfileika og þrautseigju keppenda. Var þetta í áttunda árið í röð sem Stjarnan verður Íslandsmeistari.

**Bikarmeistarar í hópfirmleikum 2024:** Að vinna bikarmeistaratið er enn eitt merkið um yfirburði og samheldni liðsins.

Þær keppa með einn hæsta erfiðleikastuðul í firmleikum sem sést hjá félagsliði í Evrópu á tímabilinu 2024 á öllum áhöldum. Það að ellefu iðkendur í A-landsliði Íslands

séu úr Stjórnunni sýnir styrkleika liðsins. Það að stór hluti liðsins var hluti af landsliði Íslands sem vann Evrópumeistaratiðinn í fjórða sinn er ótrúlegur árangur og sýnir hversu sterkt starfið er í firmleikadeild Stjórnunar.

Þrjár stúlkur innan meistaraflokks Stjórnunar voru tilnefndar sem firmleikakonur ársins hjá FSÍ ásamt því var Ásta Kristinsdóttir á topp 10 lista yfir íþróttafólk ársins í vali íþróttaréttamanna.”

## Sýndu fyrsta Toyotabílinn sem kom til landsins fyrir 60 árum

Bílaárið 2025 byrjar með krafti hjá Toyota

Bílaárið byrjaði með stórsýningu hjá Toyota í sl. laugardag, en á sýningunni voru boðnir 60 raf- og Plug-in Hybrid-bílar á ótrúlegu verði í tilefni þess að 60 ár eru síðan fyrsti Toyotabíllinn var fluttur til landsins. Góð kjör buðust gestum og þau standa enn í dag ef menn vilja grípa tækifærið og kaupa bíl á frábæru verði hvort sem bíllinn er keyptur eða tekinn í Kinto One langtímaleigu.

Toyota tók vel á móti gestum sl. laugardag hjá viðurkenndum söluaðilum í Kaupþúni, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi.

Á sýningunni mátti sjá allt það nýjasta sem Toyota hefur að bjóða en hjá Toyota Kaupþúni var einnig sýndur bíll úr fyrstu sendingunni af Toyotabílum sem kom til landsins árið 1965. Þetta er Toyota Crown árgerð 1965. Bíllinn er í góðu ástandi og ökufær og þótti góður gripur á sínum tíma þó líklega þykir hann ekki kraftmikill í dag eða 95 hestöfl. Þess má geta að fyrsti eigandi bílsins var Bogi Sigurðsson, sýningarmaður í Háskólabíói en hann var tengdafaðir Páls Samúelssonar, stofnanda Toyota á Íslandi.



Fyrsti Toyotabíllinn sem kom til landsins var árið 1965, en það var Toyota Crown



Skúli Böðvarsson hefur átt Toyota í samféllt 25 ár og bíður nú eftir glænýjum bíl sem hann hefur pantað



Halldór Kristjánsson tók rúntinn með barnabarna sínu og nafna Halldóri Geirssyni á sýningu Toyota um sl. helgi

# Það gerist

# allt í Hyundai



## Hvaða Hyundai hentar þér og þínu lífi?

Nýr og gjörbreyttur 7 sæta Santa Fe er gerður fyrir íslenskar vetraraðstæður, eins og jeppi á að vera. Hinn sívinsæli Tucson gefur ekkert eftir, frekar en fyrri daginn. Ioniq 5 og 6 voru auðvitað verðlaunaðir sem bíll ársins, rafbíll ársins og fyrir hönnun ársins, hvor á eftir öðrum '22 og '23, og heilluðu heimsbyggðina með drifi á öllum, frábærri tækni og einstöku útliti. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.



**VETRARDEKK!**  
Fylgja aukalega með nýjum fjórhjóladrifnum í janúar.  
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

### Hyundai IONIQ 6

Rafmagn, fjórhjóladrifinn.  
Verð frá: **8.090.000 kr.**

Með 900 þ.kr. styrk Orkusjóðs  
Almennt verð: 8.990.000 kr.

### Hyundai Tucson

Tengiltvinn, fjórhjóladrifinn.  
Verð frá: **7.990.000 kr.**

### Hyundai IONIQ 5

Rafmagn, fjórhjóladrifinn.  
Verð frá: **8.490.000 kr.**

Með 900 þ.kr. styrk Orkusjóðs  
Almennt verð: 9.390.000 kr.

### Hyundai Santa Fe

Tengiltvinn, 7 sæta, fjórhjóladrifinn.  
Verð frá: **11.490.000 kr.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 9-17**  
Við erum í samningsstuði á nýju ári!

 **HYUNDAI**  
Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

**B|L**

# Að fá að tækifæri til að stýra Golfklúbbum Oddi er mikill heiður

- segir Haraldur V. Haraldsson nýr framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds í Urriðavatnsdölum

Golfklúbburinn Oddur hefur ráðið nýjan framkvæmdastjóra, Harald V. Haraldsson. Haraldur hefur langa reynslu af rekstri íþróttafélaga en hann hefur verið framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Víkings undanfarin 15 ár og þarf lítið að fjölyrða um árangur þess félags bæði á íþróttasviðinu en ekki síður hvað varðar rekstur félagsins.

Mörg spennandi verkefni eru framundan sem biða Haraldar og má þar m.a. nefna fyrirhuguð stækkun Urriðavallar.

## Á fleiri vini í Oddi en hann hafði grunað

Og hvernig líst Haraldur svo á að vipa sér úr fótboltanum í golfið? „Bara mjög vel. Ég er mjög þakkláttur fyrir traustið sem mér er sýnt. Að fá að tækifæri til að stýra Golfklúbbum Oddi er mikill heiður. Ég er einnig þakkláttur fyrir allar þær góðu kveðjur sem ég hef fengið eftir að þetta var tilkynnt. Ég á miklu fleiri vini í Oddi en ég hafði áttað mig á,” segir hann brosandur er Garðapósturinn tók hann tali, en Haraldur var þá staddur á Tenerife í kærkomnu frii.



Haraldur hefur spilað golf í 30 ár, hérna er hann kominn á 19 holuna

Haraldur segir að Urriðavöllur sé glæsilegasti golfvöllur landsins og ástand vallarsins undanfarin ár hafi verið frábært og er umtalað meðal kylfinga.

## Mikil þekking til staða á meðal starfsfólks

„Lykillinn að góðum árangri í rekstri íþróttafélaga er festa í stjórn og starfsfólki. Hjá

Oddi er gott starfsfólk og klúbburinn er með mjög litla starfsmannaveltu og því mikil þekking til staðar. Slíkt er lykiliatriði þegar árangur á að nást,” segir Haraldur sem segir að rekstur golfklúbbs sé að margt ólíkur rekstri íþróttafélaga. „Það er töluvert ólíkt að reka hefðbundið íþróttafélag en golfklúbb þar sem flestar deildir þurfa að sækja sér hverja krónu í formi styrkja. Grunnurinn í hverjum golfklúbbi eru klúbbmeðlimir og grunntekjurnar félagsgjöldin. Félagsgjöld standa samt einungis undir um 60% af rekstrarkostnaði og því er mikilvægt að hámarka aðrar tekjur s.s. vallartekjur en um leið að halda ákveðnu jafnvægi og ganga ekki um of á rástíma félagsmanna,” segir hann.

Náði hátindi ferilsins um aldamótin Haraldur er sjálfur enginn nýgræðingur í golfinu sem hann hefur spilað í um 30 ár. „Í dag stendur forgjöfin í 8,6, en ég hef ekki spilað nógu mikið undanfarin ár vegna anna. Ég var alla tíð félagi í GR en undanfarin fjögur ár í GM þar sem ég hef eignast marga góða félagi. Virkilega notaleg og góð stemning í GM, en ég hef búið í tæp 20 ár í Mosfellsbæ. Ég náði hátindi ferilsins um aldamótin þegar forgjöfin datt



Enginn getur á móti því mælt að Urriðavöllur í Urriðavatnsdölum er einn flottasti golfvöllur landsins enda í fögru umhverfi þar sem aðstaðan og umgengni er til fyrirmyndar

niður í 4,6 á tímabili,” segir Haraldur sem er einnig meðlimur í golfhópnum KEPPNIS. „Í KEPPNIS er 24 manna hópur Víkinga. Hópurinn var stofnaður árið 2008 og félagar í hópnum eru einmitt í Oddi,” segir hann og bætir við að hann hafi sett sér markmið fyrir næstu árin hvað golfið varðar. „Markmiðið er að halda sér á bilinu 7 til 9 í forgjöf á komandi árum.”

## Golfsvæðið í Urriðavatnsdölum orðið perla í golfsamfélaginu undir handleiðslu Þorvaldar

Að loknum aðalfundi þann 7. desember s.l. óskaði Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds að láta af störfum. Þorvaldur hefur verið framkvæmdastjóri klúbbsins í 10 ár, frá 2014, en hafði þá setið í stjórn klúbbsins frá 2010. Á þessum tíma hefur hagr GO vænkast mikið og golfsvæðið í Urriðavatnsdölum orðið að perlu í golfsamfélaginu á Íslandi.

Þorvaldur mun sinna sínu starfi áfram fyrst um sinn, eða þar til Haraldur kemur til starfa. Golfklúbburinn Oddur mun svo njóta starfskrafta Þorvaldar áfram en hann hefur samþykkt að taka að sér ákveðin verkefni fyrir félagið.



Þorvaldur hefur starfað sem framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds í 10 ár en óskaði eftir því á aðalfundi félagsins að láta af störfum

Stjórn GO þakkaði Þorvaldi fyrir hans óeigingjarna og metnaðarfulla starf í gegnum árin á fundinum, en upp úr standa tvö Evrópumót árin 2016 og 2022, ásamt eftirminnilegu Íslandsmóti árið 2023. Framkvæmd þessara móta þótti bera vott um einstaka fagmennsku sem Þorvaldur leiddi.

## Brjóstgjafaráðgjöf og bókakynning á bóksafninu

Á foreldramorgni Bókasafns Garðabæjar, fimmtudaginn 23. janúar kl. 10:30 verður að þessu sinni boðið upp á fyrirlestur og bókakynningu þar sem farið verður yfir hinar ýmsu áskoranir sem upp koma í brjóstgjöf og ráðleggingar um hvernig hægt er að takast á við þær.

Höfundar Brjóstgjafabókarinnar eru þær Hallfríður K. Jónsdóttir, Hildur A. Ármannsdóttir, Hulda S. Þórðardóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir og Þórunn Pálsdóttir sem eru allar ljósmæður og brjóstgjafaráðgjafar IBCLC. Brjóstgjafabókin sameinar þekkingu þeirra og vísu á einum stað til að hún gagnist sem flestum.

Í bókinni má finna upplýsingar um af hverju brjóstgjöf er mikilvæg heilsu móður og barns, hvernig best er að undirbúa sig undir



brjóstgjöf, hagnýt ráð fyrir fyrstu dagana og hvernig mjólkurframleiðslan virkar.

Foreldramorgnar eru haldnir á bókasafninu alla fimmtudaga kl. 10.30 til og með 15. maí.

Vefmiðill Garðapóstsins [kpp.is](http://kpp.is)  
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)  
[Twitter.com/Gardapostur](https://www.twitter.com/Gardapostur)  
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

## AUGLÝST ER EFTIR UMSÓKNUM Í PRÓUNARSJÓÐ GRUNNSKÓLA Í GARÐABÆ

### Garðabær auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar

Garðabær auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar. Þróunarsjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi skóla í Garðabæ. Einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við skóla geta sótt um styrk í sjóðinn.

Til úthlutunar árið 2025 eru 28 milljónir.

### Áherslupættir Þróunarsjóðs grunnskóla 2025-2026

- Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina
- Félags, samskipta og vináttuþjálfun með áherslu á samkennd
- Efling verklegra þátta í náttúrufræði á öllum skólastigum
- Námsefnisgerð, nýsköpun og tækni
- Samstarf heimilis og skóla
- Skólasókn leiðir til að efla áhuga og mætingu nemenda og vinna gegn slakri skólasókn og/eða skólaforðun

Nánari upplýsingar um áherslur sjóðsins má finna á heimasíðu þróunarsjóðs leik- og grunnskóla Garðabæjar: <https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggasla/throunarsjodir/uthlutunir/>

Einnig er hægt að sækja um styrki til verkefna sem styðja við skólanámskrá og sérstöðu hvers skóla. Við afgreiðslu er m.a. horft til tengingar við fræðasamfélagið og samstarfs milli skóla og skólastiga.

Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. mars og verður þeim svarað fyrir 31. mars 2025. Sótt er um í gegnum Þjónustugátt Garðabæjar.



# FRUMSÝNING

## TANG 4x4

Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 108 kWh rafhlaða
- Drægni: 530-682 km (WLTP)
- 1500 kg dráttargeta
- 7 manna
- Nudd í framsætum

## SEALION 7 4x4

Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 91,3 kWh rafhlaða
- Drægni: 502 km (WLTP)
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Hraðhleðsla 10-80% á 24 min



# BYD

Stærsta rafbílamerki í heimi

Laugardaginn 18. jan  
Skeifan 17  
kl. 12–16

Léttar veitingar í boði



Íþróttaráttir Hrnars Braga Eyjólfssonar formanns íþrótt- og tómsundaráðs Garðabæjar

# Íþróttahátíð Garðabæjar 2025

Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður íþrótt- og tómsundaráðs Garðabæjar flutti léttan íþrótt- og tómsundaannál í Garðabæ fyrir árið 2024 á íþróttahátíð Garðabæjar sem haldin var í Miðgarði sl. sunnudag þar sem hann stiklaði á því helsta sem gerðist á liðnu ári.

## Íþróttabærinn Garðabær - íbúar ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar

Í febrúar árið 2024 kom árleg þjónustukönnun Gallup út og kom þar í ljós að íbúar Garðabæjar eru almennt ánægðir með þjónustuna í bænum. Garðabær var í könnuninni efstur í ánægju íbúa með aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum en 85% íbúa sögðust ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar í Garðabæ. Fjórar íþróttamiðstöðvar eru í Garðabæ, í Ásgarði, Miðgarði, Mýrinni og á Álftanesi, tvær almenningsundlaugar og tvær skólasundlaugar, þrjár knattspymuvellir í fullri stærð, fleiri vellir í minni stærð, fjórir golfvellar, þúttvöllur, tvær reiðhallir og fjöldi hreystivala sem eru við yndislegar göngu- og hjólaleiðir sem þræða fallega bæinn okkar.

Nýr hjóla- og göngustígur í Víflsstaðahrauni Það má nefna það hér að nýr hjóla- og göngustígur í Víflsstaðahrauni, á milli Urríðaholts og Víflsstaða, var vígður árið 2024. Stígurinn er upplýstur og malbikaður og fer um einstaka náttúru í hrauninu. Hann er mjög vel heppnaður og góð viðbót við frábært samgöngunet í Garðabæ. Þá var brúin við Víflsstaðavatn einnig endurnýjuð á árinu.

## Uppbygging í Urriðaholti

Á árinu hófst þar að auki uppbygging á íþróttahúsi í fullri stærð og sundlaug við Urriðaholtsskóla í Urriðaholti og þannig höldum við áfram að bæta við íþróttamannvirkjum í Garðabæ. Garðabær er sannarlega íþróttabær.

**Viðhald og endurnýjun á íþróttamannvirkjum umfangsmikil á árinu** Íþróttastaðan í Garðabæ er góð en nauðsynlegt er að hlúa að henni og sinna viðhaldi eins vel og hægt er. Töluvert var lagt í viðhald og endurnýjun á íþróttamannvirkjum í bænum árið 2024.

Nýr gólfúður var lagður í fimleikasalnum í Ásgarði, auk þess sem lendingar- og stökkdýnur og ýmis annar búnaður var endurnýjaður og LED lýsing var sett inn í allan salinn. Að auki var ráðist í viðgerðir á þaki í stærri salnum í Ásgarði og í Mýrinni. Þá var loftræstisamstæða sett upp í Miðgarði fyrir 2. og 3. hæð íþróttahússins, en það var gert til að undirbúa nýtingu á hæðunum tveimur. Á árinu 2025 hefst undirbúningur að því að koma hæðunum í gagnid en stefnt er að því að Miðgarður verði lífandi samfélagsmiðstöð í bænum.

## Ný stúka á Álftanesi

Á árinu voru nýir áhorfendabekkir settir inn í íþróttahúsið á Álftanesi, en það var þörf á bættri áhorfendaaðstöðu í kjölfar árangurs Álftnesinga í körfubolta undanfarin ár. Nýja stúkan hefur gefist vel og mikil stemning hefur verið í Forsetahöllinni frá því að hún var tekin í notkun.

## Garðabær fyrsta sveitarfélagið til að tekjutengja hvatapeninga

Árið 2024 var Garðabær fyrsta sveitarfélagið til að tekjutengja hvatapeninga. Tekjutengingin virkar þannig að tekjulægri fjölskyldur sem eru undir ákveðnum viðmiðum geta sótt um svokallaða viðbótarhvatapeninga. Þannig vill Garðabær koma til móts



Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður íþrótt- og tómsundaráðs

við tekjulægri heimili í bænum í þeirri von að sem flest börn geti sótt skipulagt íþrótt- og tómsundastarf, en rannsóknir sýna að það er góð forvörn í lífi barna og ungmenna. Garðabær er fyrsta sveitarfélagið til að tekjutengja hvatapeninga og var jafnframt fyrsta sveitarfélagið til að byrja með hvatapeninga, sem í öðrum sveitarfélögum eru oftast kallaðir fristundastyrkur, en það var árið 2005 sem þeir voru fyrst veittir.

## Samningar endurnýjaðir við félög

Á árinu voru samstarfssamningar Garðabæjar við nokkur félög í bænum endurnýjaðir. Samningar voru endurnýjaðir við Skátafélagið Vífil, Skátafélagið Svani, GKG, Golfklúbbinn Odd, Golfklúbb Álftaness, Garðasókn, Hestamannafélagið Sprett og Tennisfélag Garðabæjar.

Með samstarfssamningum hefur Garðabær og félögin það að markmiði að boðið sé upp á skipulagt íþrótt- og tómsundastarf fyrir börn og unglina í bænum undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarngildi íþróttu eru höfð að leiðarljósi. Samningarnir eiga sér langa sögu og hafa gefist vel, enda hafa þeir treyst rekstrargrundvöll félaganna og þar með styrkt íþrótt- og æskulýsistarf í bænum.

## Pílufélag Garðabæjar fékk inngöngu í UMSK

Pílufélag Garðabæjar fékk inngöngu inn í UMSK árið 2024 og hefur þannig gerst fullgildur aðili að íþróttahreyfingunni. Pílufélag Garðabæjar er góð viðbót inn í blómlegt og fjölbreytt íþróttalíf í Garðabæ. Það eru 18 íþróttafélög í Garðabæ sem bjóða meðal annars upp á handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika, hjólaíþróttir, sund, tennis, tafl, júdó, karate, siglingar, hestamennsku, skátastarf og golf.

## Öflug sumarnámskeið

Til marks um grósku í íþrótt- og tómsundalífi Garðabæinga buðu 12 félög upp á 45 sumarnámskeið í sumar fyrir börn á aldrinum 4-15 ára. Það var því nóg um að vera í bænum í sumar en Garðabær hefur einsett sér það markmið í samstarfi við félögin í bænum að fjölbreytt sumarnámskeið séu í boði fyrir yngstu aldurshópnum frá skólaslitum og að skólasetningu í skólum bæjarins. Það hefur gengið vel undanfarin ár og verður áfram.

## Vel heppnað Landsmót hestamanna 2024

Hestamannafélagið Sprettur hélt í samstarfi við Hestamannafélagið Fák 25. Landsmót hestamanna í júlí árið 2024. Sjálfboðaliðar unnu hördum höndum að því að gera mótið sem glæsilegast og það tókst! Öflug liðsheild

Sprettara og Fáksmanna skiluðu glæsilegum viðburði sem lengi verður í minnum hafður, en Landsmót hestamanna er einn stærsti íþróttaviðburður landsins. Við óskum Hestamannafélaginu Spretti til hamingju með frábært Landsmót hestamanna 2024 og framúrskarandi starf á árinu. Yngri flokka starf félagsins hefur farið vaxandi og til marks um það voru sjö knapar í U-21 árs landsliðinu sem tók þátt á Norðurlandamótinu úr Spretti, eða um helmingur alls landsliðsins. Frábær árangur og öflugt starf!

## Félögin fagna góðu gengi

Félögin í Garðabæ náðu eftirtektarverðum árangri á árinu og voru áberandi í íslensku íþróttalífi.

## Kylfingar úr karlasveit GKG Íslandsmeistarar annað árið í röð

GKG fagnaði 30 árum frá stofnundi félagsins á árinu og karlasveit félagsins fagnaði áfanganum með því að vinna Íslandsmeistararitilinn annað árið í röð. GKG hefur enn og aftur sýnt það að klúbburinn er einn stærsti og sterkasti golfklúbbur landsins.

## Stjarnan skín skært

Ungmennafélagið Stjarnan hefur fyrir löngu skipað sér sess sem eitt fremsta íþróttafélag landsins. Það má með sannri segja að Stjarnan hafi skín skært árið 2024.

## Framúrskarandi fimleikar hjá Stjörnunni

Fimleikadeild Stjörunnar fagnaði enn einu farsælu árinu. Meistaraflokkur kvenna varð Íslands- og bikarmeistari á árinu, auk þess sem að Stjörnunur voru uppistaðan í kvennalandsliði Íslands þegar þær urðu Evrópumeistarar í fjórða sinn. Þrjár úr meistaraflokki kvenna hjá Stjörnunni voru tilnefndar sem fimleikakonur ársins hjá Fimleikasambandi Íslands ásamt því að Ásta Kristinsdóttir var tilnefnd til Íþróttamanns ársins hjá ÍSÍ árið 2024. Stjarnan sendi 10 lið á Bikarmót í hópímleikum sem öll enduðu í þremur efstu sætum, þar af fjögur sem urðu bikarmeistarar. Þessu til viðbótar varð Stjarnan Norðurlandameistari í blönduðum flokki unglina árið 2024. Allt er þetta stórkostlegur árangur hjá fimleikafólki í Stjörnunni.

## Kraftur í kraftlyftingadeild Stjörunnar

Kvenna- og karlalíð Stjörunnar í kraftlyftingum urðu stigahæstu liðin í hvorum flokki fyrir sig á Íslandsmótinu í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki sem haldið var í október 2024 í Miðgarði og unnu þar með liðabikara bæði kvenna og karla. Þetta er í fyrsta sinn sem Stjarnan verður Íslandsmeistari í liðakeppni í klassískum kraftlyftingum og er það til marks um gríðarlega góða þróun og vöxt í starfi deildarinnar.

Margir af liðsmönnum Stjörunnar í opnum flokki í klassískum kraftlyftingum hafa unnið sér keppnisrétt á EM og HM í klassískum kraftlyftingum á næsta ári og stefnir í að stór hluti landsliðsins verði skipaður Stjörnufolk. Í kvennaflokki átti Stjarnan fimm keppendur og vann liðið til þriggja Íslandsmeistararitla og tveggja silfurverðlauna. Í karlaflokki átti Stjarnan sjö keppendur og vann liðið einn Íslandsmeistararitil, þrenn silfurverðlaun og þrenn bronsverðlaun.

## Stjarnan alls staðar í efstu deild

Stjarnan hefur einnig vakið verðskuldaða athygli fyrir sterkt og faglegt starf í öðrum deildum. Félagið er eitt það stærsta á landinu og státar af þeim árangri að vera með lið í efstu deild í bæði karla- og kvennaflokki

í knattspymu, körfubolta og handbolta. Það er magnaður árangur sem Stjörnumenn geta verið stoltir af.

## Magnaður árangur Garðabæinga

Í einstaklingsgreinum áttu Garðabæingar einnig afreksfólk sem náði eftirtektarverðum árangri. Garðabæingar náðu frábærum árangri á erlendum vettvangi, fjölmargir urðu Íslands- og bikarmeistarar og sumir settu Íslandsmet í sínum greinum.

## GKG kylfingar gera það gott

Kylfingar úr GKG hafa sannarlega stolið senunni í ár. Aron Snær Júlíusson varð Íslandsmeistari í golfi árið 2024 í annað sinn á ferlinum, var stigameistari karla á GSÍ mótaröðinni og setti mótsmet á Hólmsvelli á árinu. Þá náði hann frábærum árangri á erlendum vettvangi á árinu. Hulda Clara Gestsdóttir varð Íslandsmeistari í högggleik í annað sinn á árinu og náði einnig góðum árangri í bandaríska háskólagolfinu, sigraði m.a. deildarkeppni Denver-háskóla og hafnaði í 12. sæti í svæðiskeppni NCAA. Þá gegndi hún lykilhlutverki í íslenska landsliðinu og lenti í 36. sæti á Evrópumóti einstaklinga í Finnlandi í júlí. Hulda Clara hóf árið í 604. sæti á heimslista áhugakylfinga en er í dag í 188. sæti. Mögnuð bæting og frammistaða á árinu.

Gunnlaugur Árni Sveinsson, kylfingur úr GKG, náði einnig framúrskarandi árangri á árinu, bæði hér heima og úti í Bandaríkjunum. Hann var valinn á Fred Haskins listann yfir bestu háskólakylfingana í Bandaríkjunum og var eini nýliðinn á listanum. Gunnlaugur Árni lék síðan fyrir Íslands hönd á Evrópumótinu í liðakeppni sem tryggði sér þátttökurétt í efstu deild á næsta ári.

Jafnframt endaði hann í 9. sæti á opna breska áhugamannamótinu sem er eitt allra sterkasta áhugamannamóti í heimi. Undir lok árs var Gunnlaugur Árni valinn til að keppa fyrir hönd Evrópu í Bonalack Trophy þar sem 12 bestu áhugakylfingar Evrópu keppa á móti 12 bestu áhugakylfingum Asíu og Eyjaálfa. Gunnlaugur Árni hóf árið í 962. sæti á heimslista áhugakylfinga en er í dag í 118. sæti. Mögnuð bæting og frammistaða. Þess má geta að Hulda Clara Gestsdóttir og Gunnlaugur Árni Sveinsson voru á dögnum útnefnd kylfingar ársins af Gólf sambandi Íslands.

## Frábær árangur í frjálsum

Ingiberg Eide Garðarsdóttir frjálsíþróttakona var á meðal þeirra níu sem keppenda í heiminum sem náði keppnisrétti á Paralympics í París í sumar og þar að auki lenti hún í 4. sæti á HM í Japan. Hún náði þeim stórkostlega árangri einnig að setja Íslandsmet í kúluvarpi bæði innanhúss og utanhúss. Frábær íþróttakona þar á ferð.

Ísold Sævarsdóttir, frjálsíþróttakona og íþróttakona Garðabæjar árið 2023, náði frábærum árangri þegar hún varð Norðurlandameistari undir átján ára stúlkna í sjöþraut. Ísold er frábær íþróttamaður sem klárlega á framtíðina fyrir sér.

Valgarð Reinhardsson, fimleikamaður, varð Íslandsmeistari í áttunda sinn á ferlinum og keppti einnig á EM, Heimbikarmóti og á Norðurlandamóti. Íslenska landsliðið náði sínum besta árangri á EM í sögunni og Valgarð varð Norðurlandameistari á gólfi á árinu. Hann var á dögnum útnefndur fimleikamaður ársins af Fimleikasambandi Íslands.

## Dansarar náðu stórkostlegum árangri

Dansarið Hanna Rún Bazev Óladóttir og Nikita Bazev kepptu á Evrópumeistararmótinu í Þýskalandi í byrjun október og náðu þeim frábæra árangri að lenda í 3. sæti en það er besti árangur sem íslenskt danspar hefur náð á stórmóti síðan dansinn fór inn í Alþjóðadansíþróttasambandið WDSF. Þau

eru einnig bikar- og Íslandsmeistarar 2024, eru í danslandsliðinu, hófnuðu í 6. sæti á HM atvinnumanna í latindönsum og náðu frábærum árangri á sterkum alþjóðlegum mótum á árinu.

## Kraftlyftingafólk úr Stjörnunni átti gott ár

Hanna Jóna Sigurjónsdóttir, kraftlyftingakona hjá Stjörnunni, varð bikarmeistari í sínum flokki í aprilmánuði og lenti síðan í 11. sæti á HM í klassískum kraftlyftingum sem fór fram í Litáen á árinu. Í október varð hún síðan Íslandsmeistari í sínum flokki, en þess er vert að geta að Hanna Jóna keppti fyrst í kraftlyftingum í byrjun árs 2023.

Fríðbjörn Bragi Hlynsson varð einnig Íslandsmeistari í sínum flokki í klassískum kraftlyftingum og hafnaði einnig í 13. sæti á EM í Króatíu. Þá bætti hann sitt eigið Íslandsmet í hnébeygju, réttstöðu og samantöðum árangri á árinu, en þar með náði hann yfir 100 GL stigum og var þriðji íslenski kraftlyftingakarlinn sem nær þeim stóra áfanga.

## Íþróttamaður Garðabæjar

Aldrei hafa fleiri kosið úr vefkosningu um íþróttafólk Garðabæjar. 3.406 kusu á vef Garðabæjar. Til að setja það í samhengi er það um 17% af íbúafjölda Garðabæjar.

Íþróttamaður Garðabæjar á sér langa sögu í bænum. Þetta er í 43. sinn sem við útnefnum íþróttafólk Garðabæjar en það var Bræðrafélag Garðakirkju sem veitti verðlaunin í fyrsta sinn árið 1982. Seinna tók íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar við útnefningunni.

Garðabær hefur frá upphafi verið mikill íþróttabær. Öll hugmyndafræði með stofnun félaganna í bænum hefur byggt á þeirri hugsjón að íþrótt- og æskulýsistarf eigi fyrst og fremst að þroska góðar og heilbrigðar manneskur sem vinna sér og samfélaginu sínu gagn með góðu og göfugu hátterni.

Í dag erum við samankomin til að fagna afreksfólkinu okkar, þeim sem skarað hafa fram úr, sem er vel og nauðsynlegt, en við megum aldrei missa sjónar á markmiðum, tilgangi og hugsjónum íþróttastarfsins.

Íþróttir snúast ekki bara um afrek, heldur um að bæta sjálfan sig og leggja sig fram fyrir hópinn. Þannig eru þær tækifæri til að kenna sjálfsgaga, samstöðu og virðingu fyrir samherjum og mótherjum, bæði innan og utan valla. Íþróttamaðurinn þarf að læra að sigra, en ekki sist hværnið taka skuli tapi með reisu og virðingu fyrir öðrum – og líta á það sem tækifæri til að vaxa og læra.

Meginmarkmið alls íþróttastarfs er að skapa heilbrigða einstaklinga sem vinna sér og samfélaginu sínu gagn með því að vinna að hinu góða. Við megum ekki gleyma að einhvern tímann hættum við í íþróttum og þá ríður á miklu að eftir standi góður og heilbrigður einstaklingur.

## Fórnfúsir einstaklingar standa að baki íþróttabænum

Við megum samt aldrei gleyma að framúrskarandi árangur gerist ekki af sjálfu sér, því að baki hverju ykkar standa fjölmargir fórnfúsir einstaklingar sem eiga einnig heiður skiliinn, sem vinna eftir hugsjón og starfa aðeins í þágu íþróttanna til þess að bregða birtu og veita hamingju inn í líf íþróttafólks í Garðabæ.

Ég vil nota tækifærið og þakka þessum fórnfúsu einstaklingum, sjálfboðaliðum og öllum þeim sem hafa gert það mögulegt að halda úti því blómlega íþrótt- og tómsundastarfi sem á sér stað hér í Garðabæ. Þið eruð lífæð íþróttanna í bænum.

Kæru Garðabæingar! Höldum áfram að stefna hátt í rétta átt."

# LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.  
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

**OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR**  
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG  
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680



# Stoltur af því að vera hluti af því frábæra íþróttasamfélagi sem Garðabær er

- segir Ægir Þór Steinarsson körfuboltamaður með Stjörnunni og íþróttkarl Garðabæjar árið 2024

Ægir Þór Steinarsson, körfuknattleiksmaður Stjörnunnar var valinn íþróttkarl Garðabæjar fyrir árið 2024 á íþróttahátíð Garðabæjar, sem haldin var í Miðgarði 12. janúar sl.

Ægir Þór er fyrirlíði meistaraflokkslíðs Stjörnunnar sem er í toppbaráttu Bónusdeildarinnar í körfubolta karla. Ægir er að spila sitt fimmta tímabil fyrir Stjörnuna, hann lék hér á árunum 2019-2021 og aftur frá 2023-2025 en í millitíðinni fór hann í atvinnumennsku til Spánar. Það sem af er tímabili er Ægir stoðsendingahæstur af öllum í deildinni, í þriðja sæti yfir stolna bolta ásamt því að vera með tæp 17 stig í leik. Af heildarframlagi leikmanna í deildinni er Ægir í sjötta sæti, langhæstur Íslendinga. Framlag Ægis er þó langt frá að vera mælt eingöngu í tölfræði enda algjör drifkraftur í leikjum Stjörnunnar á báðum endum vallarins sem drífur bæði liðið og áhorfendur með sér. Ægir Þór er landsliðsfyrirlíði. Árangur landsliðsins undir forystu Ægis hefur verið frábær þar sem sigur á Ungverjum og frækinn útsigur á Ítalíu standa upp úr. Íslenska landsliðið er sem stendur í frábæri stöðu til að tryggja sig inn á lokakeppni Evrópumótins næsta sumar. Ægir Þór er einnig þjálfari hjá Stjörnunni.

Það er sjálfsgat ánægjulegt að vera valinn íþróttkarl Garðabæjar? „Já, þetta er gríðarlegur heiður. Ég er þakklátur fyrir viðurkenninguna og stoltur af því að vera hluti af því frábæra íþróttasamfélagi sem Garðabær er. Þetta er ekki bara persónuleg viðurkenning heldur líka viðurkenning fyrir allt liðið og stuðningsfólkið í kringum mig.”

Hvernig myndir þú meta árið 2024 hjá þér persónulega, er þetta eitt þitt besta árið í körfunni? „Ég hef verið heppinn með heilsuna, fengið að spila með frábæru liði og upplifað einstaka leiki með landsliðinu. Það hefur margt smellið saman,” segir Ægir.

Vitum að við eigum meira inni Nú hefur Stjarnan verið að leika einstaklega vel sem af er tímabilinu, liðið er á toppnum þegar deildin er rúmlega hálfnuð. Ertu ánægður með spilamennsku liðsins fram að þessu, eigið þið meira inni sem lið? „Við höfum klárlega staðið okkur vel fram að þessu og ég er mjög ánægður með spilamennskuna. En við vitum að við eigum meira inni. Það er spennandi að sjá hvernig við þróumst og byggjum ofan á það sem við höfum gert hingað til.”

Fóru í sjálfsskoðun eftir síðasta tímabil og lögðu áherslu á liðsheilbrigði Stjarnan komst í fyrsta skipti í mörg ár ekki í úrslitakeppnina í fyrsta, þetta er því töluverð breyting á milli ára hvað varðar gengi liðsins. Hvað veldur og hvað hefur breyst? „Við gerðum mikla sjálfsskoðun eftir síðasta tímabil og lögðum áherslu á liðsheilbrigði. Það eru smá breytingar í hópnum og menn hafa einfaldlega stígið upp. Við höfum unnið markvisst að því að ná þessum árangri og það sést í stöðugleikanum okkar,” segir hann.

Trúum því að við séum með lið til að fara alla leið Og eins og staðan er í dag, gæti þetta verið ár Stjörnunnar? Eru þið með mannskap og liðsheilbrigði til að fara alla leið á

Íslandsmótinu? „Já, við trúum því að við séum með lið til að fara alla leið. Það er auðvitað langt í land, en við höfum trú á verkefningu okkar og vinnum hörðum höndum að því að gera þetta að okkar ári.”

Erum ekki háðir einum eða tveimur leikmönnum Hver er fyrst og fremst styrkur Stjörnu-liðsins í ár? „Liðsheilbrigði. Allir í liðinu vita sitt hlutverk og við styðjum hver annan. Það skiptir líka miklu máli hvað við höfum mikla breidd; við erum ekki háðir einum eða tveimur leikmönnum. Það gerir okkur erfiða viðureignar.”

Snýst fyrst og fremst um að vinna stöðugt í sjálfum sér Þú hefur verið að leika frábærlega sem af er tímabili. En hvernig heldur Ægir Þór sér við, þú verður 34 ára á árinu og það virðist vera sami sprenghættu, hraði og áráðni í þér og þegar þú varst í kringum títugt - er þetta í genunum eða æfingum og reynslan? „Það er blanda af öllu. Ég legg mikla áherslu á að halda líkamanum í toppstandi með góðum æfingum og næringu. Reynsla hjálpar líka gríðarlega, maður þarf ekki að eyða jafn mikilli orku í hvert einasta skref. Kannski eru genin eitthvað að hjálpa líka, en þetta snýst fyrst og fremst um að vinna stöðugt í sjálfum sér.”

Sigurinn á Ítalíu var ótrúleg upplifun þetta hlýtur að vera skemmtilegt tímabil; ásamt því að vera á toppnum með Stjörnunni hefur þú leikið stórt hlutverk með íslenska landsliðinu. Hvernig var að taka



Ægir Þór Steinarsson, íþróttkarl Garðabæjar ásamt Almari Guðmundssyni bæjarstjóra í Garðabæ og Hrannari Braga Eyjólfssyni formanni íþrótt- og tólmundaráðs Garðabæjar

þátt í útsigrinum á Ítalíu og hvað metur þú möguleika ykkar að komast á lokamót EM? „Sigurinn á Ítalíu var ótrúleg upplifun. Að vinna á móti stórlíði á þeirra heimavelli er eitthvað sem maður gleymir aldrei. Ég held að við eigum mjög góða möguleika á að komast á lokamót, en það krefst þess að við höldum einbeitingu og spilum okkar besta leik í hverri viðureign.”

Hraðinn og ákefðin vinnur gegn hæðinni Þú ert 1.83 sm á hæð. Hvernig var það á þínum yngri árum, lá alltaf beinast við að þú værir í körfunni eða stundaðir þú aðrar íþróttir? „Ég prófaði ýmsar íþróttir þegar ég var yngri, en körfuboltinn náði fljótt tökum á mér. Það var eitthvað við hraðann og taktíkuna sem heillaði mig. Þótt ég sé ekki hár miðað við körfuboltamenn, þá hefur hraðinn og ákefðin hjálpað mér mikið.”

Elskaði fótbolta en varð ástfanginn af körfubolta Ef þú hefðir ekki valið körfuna, hvar værir þú þá í dag? „Ef ekki körfubolti, þá hefði ég líklega valið fótbolta. Ég elskaði fót-

bolta þegar ég var yngri og lék hann mikið, en ég varð ástfanginn af körfubolta.”

Hvað gerir Ægir Þór dags daglega þegar hann er ekki í körfubolta? „Ég eyði miklum tíma með fjölskyldunni og vinum. Það er mikilvægt fyrir mig að eiga góðar stundir utan vallarins.”

Það er nágrennaslagur í Forsetahöllinni á sunnudaginn. Hvernig list þér á þann leik? „Það verður gríðarlega skemmtilegur leikur. Álfanes hefur staðið sig vel og það er gaman að sjá annað lið úr Garðabæ í deildinni. En við erum staðráðnir í að komast áfram í bikarum og ætlum að leggja allt í þetta.”

Er Stjarnan í betri stöðu en oft áður til að vinna titil eða titla á þessu tímabili? „Já, ég held það. Við erum með sterkt lið, frábæra breidd og góðan stuðning frá okkar fólki. Það skiptir miklu máli að fá stuðningsmennina á leiki; það bætir orku og stemningu. Við erum tilbúnir að berjast fyrir titlinum,” segir Ægir Þór Steinarsson íþróttkarl Garðabæjar að lokum.

## Þessir voru einnig tilnefndir

Aron Snær Júlíusson, kyllingur GKG



Atvinnukyflingurinn Aron Snær Júlíusson hefur verið meðal allra fremstu kyllinga landsins í mörg ár, sem landsliðsmaður og síðastliðin tvö ár sem atvinnumaður. Aron er

Íslandsmeistari í golfi 2024 og er það í annað sinn sem Aron hreppir Íslandsmeistaratítlinn. Á Íslandsmótinu 2024 setti hann nýtt mótismet með því að leika Hólmsvöll í Leiru á 14 höggum undir pari. Aron var einnig stigameistari karla á GSI mótariðinni 2024. Aron tók þátt í fjórum mótum erlendis árið 2024, þar náði hann bestum árangri á ECCO Tour Polish Masters í Póllandi og hafnaði í 3. sæti. Þá varð hann í 9. sæti á Gamle Fredrikstad Open í Danmörku og í 10. sæti á Sand Valley Spring Series Final by ECCO í Póllandi. Aron hefur sinnt þjálfun og kennslu barna og unglinga hjá GKG.

Friðbjörn Bragi Hlynsson kraftlyftingur Stjarnan



Friðbjörn keppir í -83 kg flokki í klassískum kraftlyftingum. Hann hóf árið á því að sigra á RIG með yfirburðum í janúar. Í mars keppti hann á EM í Króatíu og hafnaði í 13. sæti í gríðarlega

jöfnum flokki þar sem hann var nálægt sínum besta árangri. Þar bætti hann eigið Íslandsmet í hnébeygju. Hann náði svo frábærum árangri á Íslandsmótinu þar sem hann vann sinn flokk með miklum yfirburðum og stórbætti sinn fyrri árangur. Hann lyfti 260,5 kg í hnébeygju og bætti þar eigið Íslandsmet. Í bekkpressu lyfti hann 167,5 kg og í réttstöðulyftu tvíbætti hann Íslandsmetið með því að lyfta 291 kg og svo 300 kg. Samanlagður árangur varð 728 kg, það er 21 kg bæting á eigin Íslandsmeti. Með þessum árangri náði hann yfir 100 GL stigum og er þriðji íslenski kraftlyftingakarlinn sem nær þeim stóra áfanga.

Nikita Bazev latindansar DÍH



Nikita Bazev og Hanna Rún Bazev Óladóttir eru danspar í latindönsum. Þau kepptu á Evrópu-meistaramótinu í Þýskalandi í október og lentu í 3. sæti, sem er besti árangur sem íslenskt danspar hefur náð á stórmóti síðan dansinn fór inn í Alþjóðadansíþróttasambandið WDSF. Þau eru bikar- og Íslandsmeistarar 2024. Nikita og Hanna komust í úrslit á heimsmeistaramóti atvinnumanna í latindönsum í Ungverjalandi og lentu í 6. sæti. Í desember kepptu þau í undankeppni fyrir heimsleikana 2025 Spáni. Þau lentu í 14. sæti sem kemur þeim í sterka stöðu til að komast inn á heimsleikana í Kína næsta sumar. Daginn eftir kepptu þau í Super Grand Prix sem er stigakeppni WDSF og lentu þar í 2. sæti. Nikita og Hanna eru danspar á heimsmeilíklarvaða. Þau eru í landsliði DSÍ og styrkþegar hjá afrekssjóði íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Valgarð Reinhardsson, fimleikamaður Gerpla



Valgarð er fimleikakarlarins hjá Fimleikasambandi Íslands. Hann er okkar fremsti fjölþrautarkeppandi í áhaldafimleikum. Hann er nú áttfaldur Íslandsmeistari auk þess að

vera margfaldur bikarmeistari með félagsliði sínu Gerplu. Valgarð var lykilmáður í landsliði Íslands á árinu á þeim mótum sem hann keppti á. Þar má helst til telja Evrópumót, Norðurlandamót og heimsbikarmót í Cottbus og Cairo. Á Evrópumótinu tryggði karlaliðið sér 19. sæti sem er besti árangur sem karlalið Íslands hefur náð. Á Norðurlandamótinu náði karlaliðið tímamótaárangri þegar það lenti í 3. sæti ásamt því að Valgarð tryggði sér norðurlandameistaratitil í gólfæfingum.

## Til hamingju með frábæran árangur árið 2024

Álnabær

BYKO

GARÐABÆR

HYUNDAI

DRÁTTARBÍLAR  
Pungaflutningar · Verktakastarftemi · Jarðvinna · Efnissala



# Fimleikarnir voru á þeim tímamarki það eina sem ég hafði stjórn á

- segir Ásta Kristinsdóttir, íþróttakona Garðabæjar árið 2024, en hún greindist með flogaveiki árið 2023 sem hafði mikil áhrif á hennar framtíðardrauma

Ásta Kristinsdóttir fimleikakona úr Stjórnunni var valin íþróttakona Garðabæjar fyrir árið 2024 á Íþróttahátíð Garðabæjar, sem haldin var í Miðgarði 12. janúar sl.

Ásta Kristinsdóttir hefur verið í lykhillutverki í meistaraflökki í Stjórnunni sem varð bikar- og Íslandsmeistari á árinu 2024. Hún keppir þar með hæstan erfiðleika í stökkum sem sést á íslenskum mótum í öllum umferðum sem hún framkvæmir. Ásta hlaut einnig Evrópumeistaratitil með landsliði kvenna í fullorðins flokki í október 2024. Var þetta annar Evrópumeistaratitillinn hennar í fullorðins flokki.

Auk þess var Ásta valin í lið besta fimleikafólks mótsins (All Star) fyrir frammistöðu sína á dýnu. Það þýðir að hún framkvæmdi umferðir með hæstan erfiðleikastuðul og bestu framkvæmdina á öllu mótinu. Ásta keppti með þrefalt heljarstökk á íslenska keppnistímabilinu sem er mjög sjaldgæf sjón hjá konum í fimleikum, ásamt því þá keppti hún fyrst kvenna á Íslandi með framseriu sem endar á tvöföldu heljarstökki með hálfum snúningi á Evrópumótinu. Ásta vann einstaklings sigur í FACEOFF fimleikakeppninni í fjórða sinn, en hún var einnig valin íþróttakona Garðabæjar 2022.

## Verðlaunin hvatning

Jæja Ásta, til hamingju. Þetta er annað skiptið á síðustu þremur árum sem þú ert valin íþróttakona Garðabæjar, þú ert greinilega að gera eitthvað rétt þegar kemur að hópímleikum og ert væntanlega ánægð að fá þessa útnefningu aftur fyrir árið 2024 eins og þú varst árið 2022? „Það er algjör heiður að vera valin íþróttakona Garðabæjar. Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu fyrir það sem maður hefur lagt mikla vinnu og metnað í. Þessi verðlaun eru vissulega mikil hvatning að halda áfram og gera enn betur,” segir Ásta.

**Purfti að hætta flugnámi**  
Segðu mér, hefur mikið breyst hjá þér á þessum tveimur árum, ertu orðin enn öflugri og betri hópímleikakona en þú varst árið 2022? „Ég hef alla tíð verið mjög einbeitt í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur og vil gera hlutina vel,” segir hún og heldur áfram: „Það sem hefur hinsvegar hvatt mig áfram og gert mig enn einbeittari að ná mínum markmiðum er að ég greindist með flogaveiki í júlí 2023, en þrátt fyrir það varð ég strax staðráðin í að láta veikindin ekki stoppa mig. Ég missti mikið þegar ég greindist með flogveikina þar sem ég neyddist til þess að hætta í flugnáminu, sem var draumastarfið mitt. Einnig þurfti ég að hætta að starfa sem flugfreyja hjá Icelandair. Fimleikarnir voru því á þeim tímamarki það eina sem ég hafði stjórn á og þeir urðu því enn stærri hluti af mínu lífi og minni nútíund. Ég tel mig hafa bætt mig í íþróttinni á þessum tíma. Ég gat einbeitt mér enn frekar að þeim markmiðum sem ég hafði sett mér og fimleikarnir urðu svoltið mitt akkeri,” segir hún.

## Náði öllum sínum markmiðum

Árið 2024 var ævintýri líkast hjá þér, þú varst Íslands- og bikarmeistari með Stjórnunni, náðir í Evróputitil með landsliðinu og varst valin í úrvalslíð Evrópumótsins og þá virðist þú vera orðin áskrifandi af gullverðlaunum í FaceOff fimleikakeppninni, vannst hana fjórða árið í röð - er hægt að gera betur og hvernig var upplifa þetta ár, eintóm hamingja og þú hlýtur að vera sátt með árið? „Óneitanlega er ég sátt með árið enda náði ég öllum mínum markmiðum. Frá snemma árs 2024 var ég alveg viss um að við ættum möguleika á gullverðlaunum á EM enda sá ég að bæði liðsfélagar mínir og stelpurnar úr öðrum liðum voru mjög sterkar. Svo þegar búið var að mynda landsliðhópinn vorum við allar staðráðnar í því að taka gullið og unnum við markvisst að því,” segir Ásta en þetta

var þriðja Evrópumótið mitt í röð þar sem Ásta er valin í úrvalslíð keppinnar.

**Vann FaceOff fjórða árið í röð**  
Þetta eru mörg verðlaun á árinu, en er eitthvað sem stendur upp úr og þér þykir vænst um? „Evrópumeistaratitillinn skorar óneitanlega hátt enda vorum við allar búnar að vinna markvisst að því að taka gullið og því ánægjulegt að öll vinnan sem lögð var í verkefnið skilaði sér með sigri. Maður fyllist eðlilega miklu stolti þegar maður tekur við verðlaunum fyrir Íslands hönd,” segir hún og heldur áfram: „Annars stendur FaceOff einnig upp úr þar sem keppinautar mínir þetta árið voru mjög sterkir og allir handhafar stóra titla. Við komum ekki allar úr sömu fimleikgreininni en meðal keppenda voru heims-, Evrópu- og Norðurlandameistarar. Ég var því ekkert viss um að ég myndi taka gullið þetta árið, en var óneitanlega mjög stolt þegar það gerðist.”

## Það þarf mikið sjálfstraust og tæknilega getu til þess að framkvæma þessi stökk

Þú ert að framkvæma stökk í hæsta erfiðleikastiginu, sem almennt sést ekki á Íslandi, hvað þarf til að framkvæma svona erfið stökk og þau hljóta bæði að vera erfið líkamlega og andlega. Þarf ekki mikinn kjark til að framkvæma svona erfið og flókin stökk þar sem ekkert má út af bregða? „Það þarf mikið sjálfstraust og tæknilega getu til þess að framkvæma þessi stökk. Það fer mikil vinna hjá mér utan æfingartíma til að halda mér í góðu líkamlegu formi. Eitt að því sem hefur hjálpað mér er að horfa á myndbönd af æfingum daginn eftir æfingu. Annað sem hefur hjálpað mér mikið er að setja mér lítil markmið fyrir hverja æfingu, sem eru í samræmi við uppbyggingu æfingarinnar. Ég deili þessum markmiðum annað hvort með liðsfélagi eða þjálfara, sem hjálpar mér að halda fókusi út æfinguna. Ég reyni einnig að nýta hverja æfingu vel, sama



Ásta Kristinsdóttir íþróttakona Garðabæjar ásamt Almarí Guðmundssyni bæjarstjóra í Garðabæ og Hrannari Braga Eyjólfssyni formanni íþrótt- og tómsundaráðs Garðabæjar

hversu þreytt ég er í líkamanum því á keppnisdegi gæti ég verið þreytt og þarf að getað tekist á við það,” segir hún.

**Byrjaði sem draumamarkið**  
Þú kepptir með þrefalt heljarstökk á íslenska keppnistímabilinu, sem er mjög sjaldgæf sjón hjá konum í fimleikum, ásamt því framkvæmdir þú fyrst kvenna á Íslandi stökk með framseriu sem endar á tvöföldu heljarstökki með hálfum snúningi á Evrópumótinu. Hvernig kom það til að þú ákvaðst að taka þessi stökk, vaknaðir þú bara einn daginn og sagðir, nú ætla ég að æfa þessi stökk og framkvæma - þetta krefst sjálfsgæf mikillar æfingar og hvernig kemur það til að maður ákveður að fara með stökkinn sín skrefinu lengra? „Það hefur alltaf verið markmið mitt að keppa með þessum stökkum og í raun byrjaði þetta bara sem draumamarkið, eitthvað sem ég sá ekkert endilega fyrir mér að framkvæma í keppnum. Það stóð heldur ekkert sérstaklega til að keppa með þessum framseriu, en ég var þó alltaf með hana bak við eyrað og eitthvað sem að mig langaði að prófa í keppni. Á meðan landsliðsæfingum stóð var mér að ganga einstaklega vel í þessari framseriu, en ég var ekki viss um að þjálfaramin myndu leyfa mér að keppa með hana. Þegar nálgæðist mótið var mér enn að ganga mjög vel og það var kylt á þetta. Ég er mjög þakklát þjálfurinum mínum að treysta mér fyrir æfingunni á mótinu.”

**Og hvað með framhaldið - getur þú farið enn lengra er kemur að stökkum eða á hvað stefnir þú?** „Í raun hef ég keppt með þrefalt heljar í „semilendingu” og er næsta markmið er að keppa með það í keppnislendingu. Ég stefni á að keppa með þessum lendingu á bikar- eða Íslands-mótinu. Hinsvegar tek ég ekki þá ákvörðun ein heldur með þjálfaranum.”

**FACEOFF er í raun X-Games útgáfan af fimleikum**  
Svo ertu orðin goðsögn í FaceOff fimleikakeppninni sem þú varst að vinna fjórða árið í röð, hvernig keppni er þetta og ertu alltaf að koma með eitthvað nýtt á hverju ári? „Margir segja að FACEOFF sé í raun X-Games útgáfan af fimleikum og ég er alveg sammála því. Það er mjög gaman hvernig keppnin hvetur mann til að yta sér lengra og prófa nýja hluti. Það sem gerir FACEOFF sérstakt er hvernig keppendur fá að tjá sig og sýna sinn eigin persónuleika í óvenjulegu og sibreytilegu umhverfi. Áhöldin eru ekki þau sömu og í venjulegri keppni, heldur er þeim stillt upp á nýjan hátt, sem kallar á meiri sköpunargáfu og maður þarf svoltið að þora að prófa eitthvað nýtt og vera með bein í nefinu. Þetta er svoltið eins og að leika sér á nýjan máta sem gerir það að verkum að keppni er bæði krefjandi og mjög skemmtileg. Það er einnig mikið lagt upp úr ljósa-sýningu og tónlist á meðan keppninni stendur sem gerir hana að mikilli sýningu (frh. á bls. 12).

## Þessar voru einnig tilnefndar

### Hanna Jóna Sigurjónsdóttir kraftlyftingar Stjarnan



Hanna Jóna keppir í +84 kg flokki í klassískum kraftlyftingum. Árið sem var að líða er hennar annað ár í opnum flokki (fullorðins flokki) en hún keppti fyrst í kraftlyftingum í byrjun

árs 2023. Í apríl sigraði hún sinn þyngradarflokk á bikarmóti KRAFT með glæsilegum árangri og hlaut þar keppnisrétt á HM sem fram fór í Litáen í júní. Þar náði hún 11. sæti á sínu fyrsta stóra alþjóðlega móti. Í október náði Hanna Jóna svo sínum besta árangri til þessa á Íslandsmótinu í klassískum kraftlyftingum þar sem hún varð Íslandsmeistari í sínum flokki. Hún lyfti 192,5 kg í hnéþyngju, 107,5 kg í bekkpressu og 210 kg í réttstöðulyftu, samanlagt 510 kg. Hanna Jóna er því ríkjandi bikar- og Íslandsmeistari í +84 kg flokki. Með árangrinum á Íslandsmótinu í október ávann hún sér keppnisrétt á EM í febrúar nk.

### Ingeborg Eide Garðarsdóttir frjálsíþróttir Ármann



Ingeborg Eide keppir í flokki hreyfihamlaðra, F37 í kúluvarpi. Hún lagði allt í sölturmar í upphafi árs til að ná inn á Paralympics í París og var á meðal þeirra níu keppenda í heiminum

sem náðu keppnisrétti. Hún keppti á HM í Kobe í Japan í maí þar sem hún náði 4. sæti og svo Paralympics í París sem var hápunktur ársins, þar hafnaði hún í 9. sæti, aðeins einu sæti frá úrslitum. Hún keppti á tveimur Grand Prix mótum á vegum IPC Athletics, á Ítalíu í mars þar sem hún bætti árangur sinn í kúlu og Íslandsmetið með 9,83m og í París í júní. Ingeborg Eide bætti einnig Íslandsmet sitt innanhúss á Íslandsmóti fatlaðra í febrúar með 9,73m. Auk þess að æfa afrekssíróttir er Ingeborg virk í að hvetja fatlaða til þátttöku í íþróttum og leiðir stóran afrekshóp sem æfir með meistaraflökki Ármanns í frjálsum.

### Hulda Clara Gestsdóttir, kylfingur GK

Hulda Clara hefur verið fremsti kylfingur GK



undanfarin ár, landsliðskylfingur og Íslandsmeistari í högggleik kvenna 2024. Þetta er í annað sinn sem Hulda Clara verður Íslandsmeistari kvenna í högggleik. Hulda sigraði Hvaleyrarbikar-

inn í ágúst 2024 en það mót er hluti af mótarið GSÍ. Hún hlaut Guðfinnubikarinn, sem er veittur þeim áhugakylfingi í kvennaflokki á Íslandsmóti í golf sem er á lægsta skori. Hulda Clara lék með kvennalandslíðinu á Evrópumótinu og lék á Evrópumóti einstaklinga sem haldið var í Finnlandi og varð þar í 36. sæti. Hulda Clara er stigameistari kvenna á GSÍ mótariðinni 2024. Hún keppir með háskólaliði University of Denver og sigraði á Summit League Women's Championship í apríl, sem var hennar fyrsti sigur á háskólamóti í Bandaríkjunum. Hulda Clara er í 224. sæti á heimslista áhugamanna í golfi.

### Hanna Rún Bazev Óladóttir latíndansar DÍH

Nikita Bazev og Hanna Rún Bazev Óladóttir



eru danspar í latíndönsum. Þau kepptu á Evrópumeistaramótinu í Þýskalandi í október og lentu í 3. sæti, sem er besti árangur sem íslenskt danspar hefur náð á stórmóti síðan dansinn

fór inn í Alþjóðadansíþróttasambandið WDSF. Þau eru bikar- og Íslandsmeistarar 2024. Nikita og Hanna komust í úrslit á heimsmeistaramóti atvinnumanna í latíndönsum í Ungverjalandi og lentu í 6. sæti. Í desember kepptu þau í undankeppni fyrir heimsleikana 2025 Spáni. Þau lentu í 14. sæti sem kemur þeim í sterka stöðu til að komast inn á heimsleikana í Kína næsta sumar. Daginn eftir kepptu þau í Super Grand Prix sem er stigakeppni WDSF og lentu þar í 2. sæti. Nikita og Hanna eru danspar á heimsmeilíkvörðu. Þau eru í landsliði DSÍ og styrkþegar hjá afrekssjóði Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.



## Framhald. Ásta Kristinsdóttir íþróttakona Garðabæjar

fyrir áhorfendur og skapast mikil stemning meðal áhorfenda og keppenda," segir hún og bætir við: „Í ár héldu þeir keppnina í annarri höll, Jyske Bank Boxen og voru tæplega 10.000 áhorfendur sem var mjög súrealískt. Mér tókst einnig að lenda stökki sem kallast Miller, sem tvöfalt heljarstökk með þrefaldri skrúfu. Þetta var eitthvað sem ég hafði áður reynt en ekki náð að lenda svo það var ótrúlega gaman að klára það. Keppnishaldarar setja líka fyrir okkur þrautir og viss atriði sem við þurfum að uppfylla í sumum umferðum og því neyðist ég nánast til þess að koma með eitthvað nýtt á hverju ári."

## Liðsheilidin skiptir miklu máli

En hvað er þetta með Stjórnuna, þið eruð búnar að vinna nokkra Íslandsmeistararitla í röð - hvað gerir ykkur að svona góða liði og sérðu fram á að einhver önnur lið geti stöðvað ykkur á næstu árum? „Við höfum í gegnum tíðina verið með mjög sterkt og gott lið og stundum fimleikana að mikilli ástríðu. Það sem gerir okkur að sterku liði er ekki bara góðir liðsmenn heldur erum við líka mjög góðar vinkonur. Ég vil meina að ástæðan fyrir sigrum okkar sé liðsheilidin. Ég vona að við



höldum áfram á þessari braut og hef fulla trú á því. Við erum einnig margar í liðinu sem erum með mikla reynslu af landsliðsverkefnum sem bæði hefur hjálpað liðinu og sýnir hvað liðið okkar er sterkt."

## Stefnir á tannlækninn

En hvað gerir svo Ásta þegar hún er ekki að æfa fimleika? „Í haust komst ég inn í 40 manna hóp í tannlækningum eftir að hafa tekið inntökupróf í byrjun júní. Eftir haustönnuna var svo skorið niður í

## Ásta eftir sigurni í FaceOff keppninni

átta manna hóp með svokölluðum klásusprófum sem ég komst ekki í gegnum. Ég var að reyna við þessi próf í fyrsta skipti og ætla að reyna við þau aftur á þessu ári," segir Ásta sem starfar sem aðstoðarkona tannlæknis hjá Tannlæknaþjónustunni í millitíðinni ásamt því að undirbúa sig fyrir næsta próf. „Með þessu og fimleikunum komast ekki fleiri áhugamál að enda mikið að gera hjá mér eins og er," segir hún brosandi.



Evrópumeistaratitillinn skorar óneitanlega hátt enda vorum við allar búnar að vinna markvisst að því að taka gullið segir Ásta

## Einbeita sér að vinnu, námi og fimleikunum

En á hvað stefnir svo íþróttakona Garðabæjar á fyrir árið 2025, þú ert ung að árum, áttu enn mikið inni, geturðu enn bætt þig sem fimleikakona og hvað er svo framundan hjá þér á næstu mánuðum? „Á næstu mánuðum er ég aðallega að einbeita mér að vinnu, námi og fimleikunum. Annars tel ég mig eiga

eitthvað inni eins og að keppa með þrefalt heljar í keppnislendingu og er það helsta markmiðið mitt fyrir árið eins og er. Það er þó krefjandi að fara frá þeim erfiðleika sem ég er með núna, en ég reyni þó alltaf að finna mér spennandi markmið, þó svo það sé ekkert endilega eitthvað sem ég keppi með heldur til að halda mér í gangi," segir Ásta Kristinsdóttir íþróttakona Garðabæjar árið 2024 að lokum.

## Viðurkenning fyrir framlag til félagsmála í Garðabæ

## Halldóra Jónsdóttir og Björgvin Jóniússon fengu viðurkenningur fyrir framlag til félagsmála í Garðabæ

## Halldóra Jónsdóttir

Halldóra Jónsdóttir er sannarlega einstök kona sem hefur haft mikil áhrif á samfélagið í Garðabæ. Hún fæddist árið 1928 og verður því 97 ára á þessu ári. Hún hefur búið í Garðabæ í 59 ár og verið virkur þátttakandi í samfélaginu. Eiginmaður hennar, Hjalti Einarsson, tók einnig virkan þátt í félagsmálum í Garðabæ og fékk heiðursviðurkenningu fyrir störf sín á íþróttahátíð Garðabæjar árið 2006.

Halldóra gekk í Kvenfélag Garðahrepps árið 1966 sem síðar varð Kvenfélag Garðabæjar. Hún hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið og verið virkur félagi um nærri sextíu ára skeið. Hún var endurskoðandi reikninga á árunum 1975-1981, sat í varastjórn 1981 og sat svo í stjórn félagsins frá 1982-1988, lengst af sem gjaldkeri. Hér á árum áður voru reknir gæsluvellir í Garðabæ, sem segja má að séu undanfari leikskólanna, en Kvenfélagið sá um að kaupa og endurnýja allan tækjabúnað og féll það í hlut Halldóru að halda utan um verkefnið um nokkurt skeið. Halldóra var gjaldkeri Kvenfélagsins árið 1982 þegar það keypti skautbúninginn sem Fjallkona Garðabæjar hefur verið í við hátiðahöld á 17. júní ár hvert. Halldóra geymði búninginn um langa hríð sem þýddi að Fjallkonan varð ávallt að heimsækja Halldóru áður en skautun fór fram. Halldóra hefur alla tíð verið ötull og fórmús félagi og var gerð að heiðursfélaga Kvenfélags Garðabæjar árið 2003.



Hún sat lengi í sóknarnefnd Garðasóknar, meðal annars sem varaformaður, og gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir sóknina. Hún var í sóknarnefnd á þeim tíma þegar öll umhíraða á kirkjum og kirkjugördum var höndum sóknarinnar og mæddi því mikið á sóknarnefndarmönnum. Halldóra tók það t.d. að sér að þrifa Garðakirkju og sá um að allt umhverfi hennar væri þrýðilegt og fagurt. Eiginmaður hennar Hjalti var í Bræðrafélaginu sem réðst í það stórvirki að byggja Safnaðarheimilið Kirkjuhol en bræðrafélagar nutu mikils styrk frá eigin konum sínum, ekki síst Halldóru Jónsdóttur sem fór þar fremst í flokki. Halldóra starfaði síðan sem gangavörður og síðar matráður í Hofstaðaskóla sem hóf göngu sína í safnaðarheimilinu áður en skólinn flutti í það húsnæði sem við þekkjum í dag.

Halldóra hefur stutt Stjórnuna dyggilega í gegnum árin og var lengi í Bakvarðasveit-

inni hjá kvannahandboltanum og þvoði einnig treyjur af bæði karla- og kvennaliði félagsins um langa tíð.

Halldóra hefur tekið virkan þátt í kórastarfi í bænum, söng í Garðakórnum allt frá stofnun hans og þar til hann hætti starfsemi, eða næstum því 30 ár.

Hún hefur tekið virkan þátt í starfi Félags eldri borgara í Garðabæ, m.a. þegar eiginmaður hennar var formaður þar, en Halldóra átti frumkvæði að því að koma Félagsvistinni af stað og stýrði henni í mörg ár hjá félaginu.

Þá hefur hún verið félagi í Inner Wheel á vegum Rótary allt frá 1994. Öllu þessu til viðbótar sat hún í umhverfismálanefnd Garðabæjar um tíma.

Halldóra Jónsdóttir er sannarlega fyrirmynd sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélags-



ins í Garðabæ með óeingingjörnu starfi sínu og elju. Hún hefur haft mikil áhrif á uppbyggingu bæjarins og er virðingarfyllt kona sem við getum öll litið upp til.

## Björgvin Jóniússon

Björgvin Jóniússon hefur verið ómetanlegur fyrir íþróttastarf á Álfanesi og Garðabæ. Hann er íþróttakennari í Álfnesiskóla og búsettur á Álfanesi. Segja má að hann hafi búið í íþróttahúsinu á Álfanesi mest alla sína tíð.

Björgvin byrjaði sem iðkandi handbolta, 14 ára, og þátttakandi í fyrsta liði Álfness sem keppti á Íslandsmóti í hópíþrótt. Hann kom að þjálfun strax á unglingsárum í fótbolta og körfubolta hjá félaginu og haldið úti íþróttaskóla barnanna í 25 ár.

Hann hefur tekist á við ýmis sjálfboda-

liðastörf fyrir félagið og sat í stjórn þess í 3 ár áður en hann fór í íþróttafraðinám á Laugarvatni. Björgvin var ráðinn í hálfstöðu framkvæmdastjóri hjá UMFÁ árið 2002 og gegndi því starfi í 22 ár. Samhliða því hefur hann þjálfað fótbolta, fimleika, frjálssíþróttir og badminton.

Björgvin hefur einnig tekið að sér ýmis sjálfboda-liðastörf fyrir sérsamböndin og setið í nefndum á þeirra vegum.

Björgvin hefur verið vakinn og sofinn yfir uppbyggingu á íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins Álfness og síðan Garðabæjar eftir sameiningu 2013.

Björgvin hefur sýnt fram á mikla ástríðu og elju fyrir íþróttum og samfélagsþjónustu.

Hans framlag hefur verið ómetanlegt og hann hefur haft mikil áhrif á uppbyggingu íþróttastarfs í sveitarfélaginu.

## Til hamingju með frábæran árangur árið 2024



Fjölbrautaskólinn  
í Garðabæ



Barnaskóli Hjallastefnunnar



GOLFKLÚBBURINN  
ODDUR



SJÚKRAÞJÁLFUN  
GARÐABÆJAR



E. SIGURÐSSON  
BYGGINGARFÉLAG

# Viðurkenning fyrir frammistöðu á erlendum vettvangi

Keppnisfólk úr Garðabæ sem hefur náð að vinna til verðlauna á EM, HM eða sterkum alþjóðamótum



Ingeborg Eide Garðarsdóttir Ármann Frjálsar Mfl 1. á NM, Þórdís Unnur Bjarkadóttir BF Boginn Bogfimi U18 1. Bulg.O, 2. NM-U, 3. EBik-U, Anna Guðrún Yu Þórbergisdóttir BF Boginn Bogfimi U16 2. og 3. á NM-U, Hanna Rún Bazev Óladóttir DÍH Latín dansar Mfl 1. á Super Grand Prix, Nikita Bazev DÍH Latín dansar Mfl 1. á Super Grand Prix, Ísold Sævarsdóttir FH Frjálsar U18 1. á NM í sjöpraut, Aníta Ósk Hrafnisdóttir Fjörður Frjálsar Fatlaðir 2. og 3. á NM, Emelía Ýr Gunnarsdóttir Fjörður Sund Fatlaðir 1. á NM, Valgarð Reinhardsson Gerpla Áhaldafimleikar Mfl 1. NM, Aron Snær Júlíusson GKG Golf Mfl 3. á masters, Herdís Björg Jóhannsdóttir, Hestamannfélagið Sprettur, Hestaíþróttir, 2. sæti á NM og Hulda María Sveinbjörnsdóttir, Hestamannfélagið Sprettur, Hestaíþróttir, 2. og 3. sæti á NM.



Kolbrún Eva Hólmarisdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar U-16 3. á NM ungl og liða, Margrét Lea Kristinsdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar Mfl. Kv 1. á NM, Sigurrós Ásta Þórisdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar U-16 3. á NM liða og Þórunn Sveinsdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar U18 3. á N-Evrópu móti



Axel Björgvinsson Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Ásta Katrín Kristinsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM 3. EM, Birna Björnsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Bjartur Blær Hjaltason Stjarnan Fimleikar U-18 1. á EM og NM, Dagur Óli Jóhannsson Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Eva Margrét Halldórsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Hildur Lilja Arnarsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á EM og NM, Kristín Li Hjartardóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á EM og NM, Lilja Karítas Sigurðardóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á EM og NM, Mateusz Markowski Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Sverrir Björgvinsson Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM, Vigdís Rut Jóhannsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18 1. á NM og Örn Arnarson Stjarnan Fimleikar U-18 1. á EM og NM



Andrea Sif Pétursdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM, Ásta Kristinsdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM og Faceoff, Halla Sóley Jónasdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM, Helena Clausen Heiðmundsdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM, Laufey Ingadóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM, Tinna Ólafsdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM og Tinna Sif Teitsdóttir Stjarnan Fimleikar Mfl.kv 1. á EM



Þorbjörg Matthíasdóttir Stjarnan Kraftlyftingar +84kg opinn fl. 2. og 3. á V-EM  
Páll Bragason Stjarnan Kraftlyftingar -83kg fl.öld. 3. á EMÖ hnéb  
Friðbjörn Bragi Hlynsson Stjarnan kraftlyftingar -83kg 1. á RIG

## Þjálfarar ársins, Hinrik og Árný Oddbjörg

**Hinrik Pálsson**  
kraftlyftingar Stjórnunni

Hinrik Pálsson er þjálfari meistaraflokks Stjórnunnar og hefur lagt ómetanlega vinnu af mörkum til að byggja upp sterkan og samheldinn hóp. Með skýrri sýn og einstakri færni í að aðlaga þjálfun að þörfum hvers og eins hefur hann náð að efla bæði einstaklinga og liðið í heild.

Árangur Hinriks hefur skilað sér á alþjóðlegum vettvangi, en Stjarnan átti fjóra af níu íslenskum keppendum á Evrópumeistarátötnu í mars, og Hinrik þjálfar þau öll. Þetta endurspeglar mikilvægi hans í þjálfun á fremsta kraftlyftingafólki landsins.

Keppnis árið endaði á Íslandsmeistarátötnu, sem haldið var á heimavelli Stjórnunnar. Þar unnu bæði karla- og kvennalið félagsins stigabikarinn, sem endurspeglar þann uppgang og velgengni sem hefur átt sér stað undir leiðsögn Hinriks. Þessi árangur er sönnun á áhrifaríkri og árangursmiðaðri þjálfun innan félagsins.

**Árný Oddbjörg Oddsdóttir**  
hestaíþróttir Spretti

Árný Oddbjörg Oddsdóttir er menntaður reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Hún starfar við þjálfun og tamningu hrossa

ásamt því að sinna reiðkennslu. Hestamannafélagið Sprettur hefur verið svo heppið að njóta krafta Árnýjar við reiðkennslu. Undanfarnin 4 ár hefur hún kennt öllum aldurshópum, hvort sem er börnum eða fullorðnum, og er ætíð langvinsælasti reiðkennarinn, alltaf er fullbókað í kennslu henni og biðlistar hafa oft á tíðum myndast.

Árný er fyrirmynd bæði innan vallar og utan, metnaðarfull, hvetjandi og sanngjörn. Hæfileikarík, traust og með einstakt lag á því að mynda góð tengsl við nemendur sína. Mikil ánægja er með starf Árnýjar – hvort sem um ræðir nemendur hennar, foreldra/aðstandendur eða stjórnendum



hjá hestamannafélaginu Spretti. Samskipti hennar og framkoma einkennast af kurteisi og virðingu, ætíð til staðar og hægt að leita ráða hjá henni. Árný Oddbjörg kenndi ungum keppnisknöpum Sprettis, börnum og unglingum, í aðdraganda Landsmóts hestamanna sem haldið var sl sumar en það er eitt stærsta mótið sem haldið er innan hestaíþróttarinnar.

Árný náði feikna góðum árangri með nemendur sína og má þar helst nefna að í barnaflokki á LM fóru þrjú knapar áfram í milliríðla og ein fór alla leið í Áurslit og endaði í 4. sæti.

## Hamingjuóskir

**GARÐABÆR**  
 Þjónustumiðstöð

**Endurskoðun  
& ráðgjöf ehf.**

Garðatorgi 7 • 212 Garðabær  
 Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is

## Viðurkenning fyrir að keppa í fyrsta skipti með A-landsliðinu



Gunnlaugur Árni Sveinsson GKG Golf Mfl A-landslið, Þór Þórhallsson Skotfél Kópav Skotfimi Fatlaðir ÍF – skotf., Kolbrún María Ármannsdóttir Stjarnan Karfa M.fl. kv. A-landslið, Hanna Jóna Sigurjónsdóttir Stjarnan Kraftlyftingar +84 kg og opinn fl. A-landslið, Páll Bragason Stjarnan Kraftlyftingar -83 kg fl.öldunga Ö 70+, Þórunna Sveinsdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar Mfl. Kv. A-landslið og Þórir Bjarni Traustason Tindur Fjallahjólreiðar Enduro - Elíte A-landslið.

## Viðurkenning fyrir að keppa í fyrsta skipti með unglingslandslíði



Eyrún Eva Arnardóttir BF Boginn Bogfimi U16 U-landslið, Kristján Ágúst Ármann BH Borðtennis U15, Jón Þór Sanne Engilbertsson Björk Tækvondo Mfl.B U16, Hekla Henningsdóttir Hjólfr. Rvk Hjólreiðar U17, Elva Rún Jónsdóttir Sprettur Hestaþ Unglinga U21, Guðný Dís Jónsdóttir Sprettur Hestaþ Unglinga U21 og Ragnar Bjarki Sveinbjörnsson Sprettur Hestaþ Unglinga U21

## Viðurkenning fyrir að keppa í fyrsta skipti með unglingslandslíði



Benjamin Björnsson Stjarnan knsp 4.fl. ka U15 ka, Bjarki Hrafn Garðarsson Stjarnan knsp 4.fl. ka U15 ka, Anna Katrín Ólafsdóttir Stjarnan knsp 4.fl. kv U15 kv, Nanna Sif Guðmundsdóttir Stjarnan knsp 4.fl. kv U15 kv, Rósa María Sigurðardóttir Stjarnan knsp 4.fl. kv U15 kv, Tinna María Heiðisdóttir Stjarnan knsp 4.fl. kv U15 kv og Viktoría Skarphéðinsdóttir Stjarnan knsp 4.fl. kv U15 kv. Með þeim á myndinni eru Hrnar Bragi Eyjólfsson, formaður íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar, Laufey Jóhannsdóttir, Hlynur Bæringsson og Harpa Þorsteinsdóttir sem sitja í íþrótt- og tómstundaráði og aðstoðuð að veita viðurkenningar.



Kolbrún Eva Hólmarsdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar U16, Sigurrós Ásta Þórisdóttir Stjarnan Áhaldafimleikar U16, Alexander Úlfur Jónsson Stjarnan Fimleikar U-18, Axel Björgvinsson Stjarnan Fimleikar U-18, Ásta Katrín Kristinsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18, Brynjar Sveinn Austmann Björgvinsson Stjarnan Fimleikar U-18, Gígja Dögg Arnarsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18, Hákon Árni Heiðarsson Stjarnan Fimleikar U-18, Hildur Lilja Arnarsdóttir Stjarnan Fimleikar U-18, Jóhann Darri Harðarson Stjarnan Fimleikar U-18, Kristín Li Hjartardóttir Stjarnan Fimleikar U-18, Lilja Karítas Sigurðardóttir Stjarnan Fimleikar U-18, Mateusz Markowski Stjarnan Fimleikar U-18 og Sverrir Björgvinsson Stjarnan Fimleikar U-18



Einar Breki Olsen Stjarnan handbolti U15, Harpa Emilsdóttir Stjarnan handbolti U15, Hildur Elisabet Hreiðarsdóttir Stjarnan handbolti U15 og Hans Jörgen Ólafsson Stjarnan handbolti U20.

Því miður þá komust eftirtaldir aðilar í körfuknattleiksdeild Stjórnunnar ekki á íþróttahátíðina, en þau fengu viðurkenningu fyrir að keppa í fyrsta skipti með unglingslandslíði

Daniel Geir Snorrason Stjarnan Karfa 10.fl. ka U15 ka,  
Steinar Rafn Rafnarsson Stjarnan Karfa 10.fl. ka U15 ka,  
Ísey Ísis Guttormsdóttir-Frost Stjarnan Karfa 10.fl. kv U15 kv og  
Sigrún Sól Brjánsdóttir Stjarnan Karfa 10.fl. kv U15 kv



Steinar Bragi Jónsson Stjarnan Kraftlyftingar -105 kg U23 ka, Eva Katrín Daniélsdóttir Cassidy Stjarnan Kraftlyftingar -69 kg U18 og Benjamin Fannal Sturluson Stjarnan Kraftlyftingar -93 kg U18 ka

## Til hamingju með frábæran árangur árið 2024





## Jónatan Smári Svavars-son útnefndur heiðursfélagi Skátafélagsins Vífils

Hið árlega jólaboð Skátafélagsins Vífils var haldið í desember í veislusal skátanna í Jötunheimum. Til veislunnar var boðið þeim sem komið hafa að starfinu á árinu, baklandi skáta og fleirum.

ársins síðasliðið haust, í flokknum framúrskarandi kennsla, fyrir fjölbreytta og hugmyndaríka útikennslu.

Jónatan var útnefndur heiðursfélagi

Boðið var upp á hangikjöt að íslenskum sið og fór það vel í gesti. Björn Hilmarsson, gjaldkeri stjórnar flutti annál sem vakti mikla lukku eins og endrænar. Hann breytti þó örlítið út af vana því í miðri ræðu vék hann



orðum sínum að Jónatan Smára Svavars-soni sem hafði umsjón með byggingu útlífsmiðstöðvarinnar Vífilsbúðar fyrir hönd skátafélagsins. Útlífsmiðstöðin Vífilsbúð er staðsett við Grunnuvötn í Heiðmörk. Fyrir áralöng farsæl störf sín í skátahreyfingunni var Jónatan útnefndur heiðursfélagi við mikinn fögnuð að skátasið.

Skátafélagið Vífill hefur haldið uppi þróttmiklu starfi á árinu og eru meðlimir skáta í Garðabæ nú um 60 talsins.

Skátahreyfingin er alþjóðleg æskulýðshreyfing sem vinnur að valdeflingu ungmenna í þeim tilgangi að virkja þau til jákvæðra áhrifa í sínu samfélagi og til þátttöku í að bæta þann heim sem við búum í. Skátastarf er gefandi bæði fyrir ungt fólk og fullorðna sjálfboðaliða.

Hrafnhildur Sigurðardóttir skáti og stjórnarmeðlimur var einnig heiðruð, en hún hlaut Íslensku menntaverðlaunin sem kennari

**FUDGE**  
PROFESSIONAL

BURT MED  
GULA  
TÓNA



NÚ EINNIG  
FÁANLEGT Í  
HAGKAUP

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM  
STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR  
ÖLLUM GULUM TÓNUM ÚR  
LJÓSU OG GRÁU HÁRI

WWW.BPRO.IS

FB: /BPROICELAND

IG: @BPROICELAND

## Íbúafundur



Íbúafundur vegna forkynningar á deiliskipulagi íþrótt- og útivistarsvæðis í Smalaholti og Vetrarmýri

Öll velkomin í Sveinatungu á Garðatorgi, miðvikudaginn 22. janúar 2025 klukkan 17:00.

Forkynningin nær yfir golfvöll í Vetrarmýri, skógrækt í Smalaholti og æfingavelli við Miðgarð.

Deiliskipulagið tekur til breyttrar og framlengdrar legu Vífilsstaða- og Elliðavatnsvegjar að Kjóavöllum ásamt því að fjalla um legu Vorbrautar við Þorrasali norðan við golfvöllinn.

Í tillögunni er jafnframt sýnd lega stíga og stofnstíga ásamt staðsetningu áningarstaða og undirganga við Elliðavatnsveg.



GARÐABÆR

YFIR  
**1.000**  
HOLLUSTUVÖRUR  
Á TILBOÐI Á HEILSUDÖGUM  
FJARÐARKAUPA

# HEILSU DAGAR

## FJARÐARKAUPA

16. JANÚAR - 8. FEBRÚAR

**FK**  
FJARÐARKAUP

*einstök  
verslun*